



Almennar reglur um ljósmynda- og kvikmyndatökur í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

1. gr. Almenn.

Um þjóðgarðinn á Þingvöllum gilda lög nr. 47/2004 sbr. einnig ákvæði reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn, verndun hans og meðferð.

2. gr. Ljósmynda- og kvikmyndatökur

Ljósmynda- og kvikmyndatökur eru almennt heimilar innan þjóðgarðsins.

Ljósmynda- og kvikmyndataka í þjóðgarðinum í atvinnuskyni er þó háð samþykki Þingvallanefndar eða þjóðgarðsvarðar í umboði hennar. Skriflega umsókn skal leggja inn á skrifstofu Þingvallanefndar.

Ekki þarf að sérstakt leyfi samkv. 2. mgr. 2.gr sé tökumaður einn og geti borið búnað sinn sjálfur.

3. gr. Verndunarsjónarmið

Við ljósmynda- og kvikmyndatöku skal þess ávallt gætt að ekki sé raskað náttúru, lífríki eða sögulegum minjum innan þjóðgarðsins né aðgengi eða umferð annarra gesta í þjóðgarðinum.

Þingvallanefnd er heimilt að hafa eftirlitsmann/starfsmann á tökustað teljist það nauðsynlegt vegna verndunarsjónarmiða. Kostnaður vegna eftirlits skal greiddur af leyfishafa.

4. gr. Stöðvun ljósmynda- eða kvikmyndatöku

Heimilt er Þingvallanefnd eða umboðsmanni hennar að stöðva ljósmynda- og kvikmyndatöku, ef sýnt þykir að verkefni geti raskað og/eða haft einhver neikvæð áhrif á náttúru og menningarminjar í þjóðgarðinum eða takmarkað umferð annarra gesta.

5. gr. Auglýsingar

Óheimilt er að tengja þjóðgarðinn á Þingvöllum auglýsingum fyrir tóbak, áfengi, og vopn eða efni þar sem notkun fíkniefna er sýnd eða nokkuð sem brýtur í bága við almennt velsæmi.

6. gr. Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku

Sækja skal um leyfi til kvikmyndatöku með minnst 7 daga fyrirvara fyrir lítil verkefni en 30 daga fyrir stór verkefni.

Lítil verk teljast þau, þar sem starfsmenn eru 10 eða færri, önnur teljast stór.

7. Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Við ljósmynda- og kvikmyndatöku í þjóðgarðinum skal þess gætt að uppfyllt séu ákvæði gildandi laga og reglugerða um þjóðgarðinn..

Viðkomandi ber ábyrgð á tjóni sem hann eða fólk á hans vegum kann að valda innan þjóðgarðsins.

Brot varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.



Umsókn um leyfi vegna:

☐ Kvikmyndatöku.

☐ Ljósmyndatöku.

Dagsetning, tímasetning og tímalengd verkefnis:

Staðsetning innan þjóðgarðs:

Tegund verkefnis:

☐ Leiknar kvikmyndir og sjónvarpsmyndir.

☐ Heimildamyndir

☐ Landkynningarefni

☐ Listrænar stuttmyndir

☐ Auglýsingar, myndasafn/stockfootage/ eða annað svipað efni.

☐ Auglýsingar í sjónvarp og kvikmyndahús .

☐ Tónlistarmyndbönd

Stutt lýsing á verkefninu, tilgangur og markmið

Upplýsingar um útbúnað og starfsfólk:

Fyrirtæki

Tengiliður hjá fyrirtæki

Viðskiptavinur (Fyrir hvern er unnið)

Storyboard

Fjöldi starfsmanna

Fjöldi leikara

Fjöldi statista

Búnaður

Fjöldi og stærð bíla

Leikmunir

Leikmynd

Dýr

Tæknibrellur

Tjöld

Loftmyndatökur

Takmörkun á umferð:

Annað

Ég undirritaður staðfesti hér með að ég hef kynnt mér ákvæði laga nr. 47/2005, reglugerð nr. 848/2005 og reglur um ljósmynda- og kvikmyndatökur í þjóðgarðinum á Þingvöllum og ábyrgist ég að þeir sem að verkinu koma muni fara eftir þeim í hvívetna.

Dagsetning:

Undirskrift:

Leyfi veitt